

Ársskýrsla 2013

Búsetudeild Akureyrarbæjar



Mynd af handverkssýningu félagsstarfs eldri borgara haustið 2013

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1 Almennt um búsetudeild og verkefni hennar	2
1.1 Starfsfólk, skrifstofa, skipurit og rekstur búsetudeildar	2
1.1.1 Helstu magntölur í þjónustu deildarinnar og samanburður við fyrri ár.....	3
1.1.2 Rekstarniðurstöður búsetudeildar fyrir árið 2013	5
2 Starfsemin 2013.....	6
2.1 Þjónustusamningar ñ notendastýrð persónuleg aðstoð.....	6
2.2 Framkvæmdir	6
2.3 IPA.....	6
2.4 Langtímaáætlun.....	7
2.4.1 Hugmyndafræði búsetudeildar	7
2.5 Markviss	8
2.6 Starfsdagur	8
2.7 Þjónustumiðstöð aldraðra - vinnuhópur	8
2.8 Öryggisgæsla og vistun	8
3 Heimaþjónusta.....	9
3.1 Almenn félagsleg heimaþjónusta	9
3.1.1 Ráðgjöfin heim.....	11
3.1.2 Gránufélagsteymi	11
3.1.3 Heildarkostnaður við almenna félagslega heimaþjónustu	12
3.2 Sérstök heimaþjónusta.....	13
3.3 Heimsendur matur	14
4 Ráðgjöf iðjuþjálfar	15
5 Heilsueflandi heimsóknir til aldraðs fólks	16
6 Félags- og þjónustumiðstöðvar aldraðra.....	17
6.1 Hádegismatur	18
6.2 Dagþjónustan	18
6.2.1 Innra starf.....	19
7 Félagsleg liðveisla	20
8 Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk.....	21
8.1 Sambýli og þjónustukjarnar	22
8.1.1 Áfangaheimili	22
8.2 Biðlistar eftir búsetuþjónustu.....	23
9 Skammtíma- og skólavistun.....	24
9.1 Árholt.....	25

1 Almennt um búsetudeild og verkefni hennar

Búsetudeild Akureyrarbæjar veitir margvíslega þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa fólki aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni sem kann að fylgja hækkandi aldri, fötlun eða veikindum. Auk þess að þjónusta Akureyringa sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt þjónustusamningum þar að lútandi. Réttur fólks til að fá þjónustu byggir annars vegar á þeim lögum sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustuna og hins vegar á greiningu á þörf í hverju tilviki fyrir sig. Starfsfólk búsetuþjónustunnar skoðar hverja umsókn, metur þörfina í samráði við umsækjanda og finnur leiðir til úrlausnar. Þjónusta sem búsetudeild veitti á árinu 2013:


- Heimaþjónusta (félagsleg heimaþjónusta og frekari liðveisla)
- Heimsendur matur
- Félagsleg liðveisla
- Búseta með þjónustu (sambýli, þjónustuíbúðir, áfangaheimili, heimili f. börn)
- Skammtíðavistun fyrir fatlað fólk
- Skólavistun fatlaðra barna 10 ñ 20 ára
- Ráðgjöf iðjubálfa
- Tómtundastarf aldraðra
- Dagþjónusta aldraðra
- Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra
- Notendastýrð persónuleg aðstoð

1.1 Starfsfólk, skrifstofa, skipurit og rekstur búsetudeildar

Starfsemi búsetudeildar er vítt og breytt um bæinn en yfirstjórn þjónustunnar og skrifstofa eru til húsa að Glerárgötu 26. Yfirstjórn þjónustunnar sem vinnur í umboði félagsmálaráðs, framfylgir gildandi stefnu, lögum, reglum og reglugerðum er varða þjónustu deildarinnar, ber ábyrgð á rekstri, s.s. starfsmannahaldi, gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlunar, vinnur að framþróun þjónustunnar auk þess að koma á nýrri.

Skrifstofan sér um móttöku, rekstur og starfsmannahald. Móttakan sinnir m.a. símasvörun fyrir deildina, tekur á móti erindum og kemur þeim til viðeigandi aðila, ásamt því að veita umsækjendum og þjónustunotendum upplýsingar um þjónustu deildarinnar og/eða kemur þeim í farveg. Jafnframt hefur móttakan daglega umsjón með heimsendum mat til notenda, heldur skrá yfir þjónustuna og kemur skilaboðum um breytingar á rétta staði. Skrifstofan hefur daglega umsjón með fjárhagsáætlanagerð búsetudeildar og hefur eftirlit með að starfsemi deildarinnar sé innan fjárhagsáætlunar og veitir ráðgjöf um það sem bæta má í rekstri þjónustueininga. Skrifstofan er tengiliður búsetudeildar við stoðþjónustu bæjarins og hefur umsjón með að reikningar séu uppáskrifaðir og að afgreiðsla sé í samræmi við þá samninga sem í gildi eru hjá deildinni, ásamt því að hafa umsjón og eftirlit með eignarskrá búsetudeildar.

Á búsetudeild störfuðu á árinu 2013, 292 manns í 181 stöðugildum. Konur voru í meirihluta starfsmanna en þær voru í 71% stöðugilda en karlmenn í 29% stöðugilda. Þessi skipting hefur verið nokkuð jöfn undanfarin ár.




Mynd 1 ñ Kynjaskipting stöðugilda hjá búsetudeild 2008-2013

1.1.1 Helstu magntölur í þjónustu deildarinnar og samanburður við fyrri ár

Tafla 1 – Helstu magntölur í þjónustu deildarinnar og samanburður við fyrri ár

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Einstaklingar sem fengu heimaþjónustu	717	677	658	679	735	782	732	785	804	803	800
Heimili sem fengu heimaþjónustu	584	560	537	566	592	630	614	575	562	584	585
Stöðugildi í félagslegri heimaþjónustu	30	29,2	29,6	33,9	35,5	37,2	39,3	38,8	45,3	46,5	40,3
Einstakl. sem fengu heimsendan mat	119	113	108	126	126	159	146	148	161	134	92
Einstakl. sem fengu félagslega liðveislu	110	122	100	110	106	115	100	107	114	125	127
Fjöldi sem fengu > en 10 klst. á viku í heimaþjónustu	3	6	6	13	12	14	15	15	15	18	22
Einstaklingar í þjónustukörnum og sambýlum	46	46	46	45	46	46	48	49	49	51	53
Börn í búsetuþjónustu	3	3	3	3	1	1	1	2	2	1	2
Stöðugildi í búsetuþjónustu	74	74,5	73	75,5	85	84	85,5	95	97,8	101,2	102,3
Fjöldi notenda skammtí mavistunar	22	28	31	26	27	25	23	20	21	21	20
Einstaklingar í dagþjónustu aldraðra	52	56	49	49	50	48	61	59	57	50	64
Beiðnir um ráðgjöf iðjuþjálfar	134	121	96	82	90	120	104	130	153	149	138
Einstaklingar sem fengu heilsueflandi heimsóknir	146	152	119	147	419	528	284	382	526	542	566

Skipurit búsetudeildar



Mynd 2 – Skipurit desember 2013

1.1.2 Rekstarniðurstöður búsetudeildar fyrir árið 2013

Tafla 2 – Rekstarniðurstöður búsetudeildar fyrir árið 2013 (í þúsund krónum)

	2012	2013	Mismunur milli ára
Tekjur	-29.076	-27.166	
Laun og launatengd gjöld	33.485	37.517	
Annar kostnaður	19.649	16.543	
Skrifstofa búsetudeildar	24.058	26.894	12%
Tekjur	-31.051	-32.134	
Laun og launatengd gjöld	38.611	44.889	
Annar kostnaður	40.013	41.842	
Þjónustumiðstöð Viðilundi	47.573	54.597	15%
Tekjur	-3.010	-3.593	
Laun og launatengd gjöld	6.961	7.512	
Annar kostnaður	14.820	17.293	
Þjónustumiðstöð Bugðusiðu	18.771	21.212	13%
Tekjur	-7.651	-7.783	
Laun og launatengd gjöld	7.098	7.468	
Annar kostnaður	419	427	
Heilsueflandi heimsókn til aldra	-135	112	0%
Tekjur	-1.655	-3.919	
Laun og launatengd gjöld	37.821	34.130	
Annar kostnaður	7.175	8.457	
Félagsleg líðveisla fatlaðra	38.830	38.668	0%
Tekjur	-6.393	-7.665	
Laun og launatengd gjöld	19.613	20.547	
Annar kostnaður	5.443	5.670	
Skólavistun fatlaðra í Árholti	18.663	18.552	0%
Tekjur	-5.123	-6.111	
Laun og launatengd gjöld	65.042	65.437	
Annar kostnaður	11.857	12.380	
Skammtímvistun Skólastíg 5	71.777	71.706	0%
Tekjur	-11.219	-11.219	
Styrkir og framlög	18.677	18.971	
Laut, athvarf f. geðfatlaða	7.458	7.752	4%
Tekjur	-35.659	-37.447	
Laun og launatengd gjöld	134.313	141.117	
Annar kostnaður	43.515	47.108	
Heimþjónusta A	142.169	150.778	6%
Tekjur	-65.549	-75.564	
Laun og launatengd gjöld	122.800	135.342	
Annar kostnaður	6.779	7.321	
Heimþjónusta B	64.030	67.099	5%
Þjónustukaup	159.024	165.954	
Sameiginlegur kostnaður	159.024	165.954	4%

	2012	2013	Mismunur milli ára
Laun og launatengd gjöld	140.817	141.467	
Annar kostnaður	701	2.471	
Búspj Geislat og Hafnarstræti	141.518	143.938	2%
Laun og launatengd gjöld	66.589	67.391	
Annar kostnaður	774	651	
Þjónustukjarni Klettatúni	67.363	68.042	1%
Tekjur		-800	
Laun og launatengd gjöld	323.853	28.686	
Annar kostnaður	339	149	
Búsetuþj. v. Glerá (Ægigata 26 hluta 2012)	32.722	28.035	-14%
Laun og launatengd gjöld	47.646	30.846	
Annar kostnaður	261	10.735	
Samþýli Dvergagili, lokar haust 2013	47.907	41.581	-13%
Tekjur	-1.271	-950	
Laun og launatengd gjöld	76.595	69.953	
Annar kostnaður	803	492	
Búsetuþjónusta Snægili	76.127	69.495	-9%
Tekjur	-670	-2.765	
Laun og launatengd gjöld	119.949	131.914	
Annar kostnaður	1.916	2.145	
Þjónustukjarni Þrastarlundi	121.195	131.294	8%
Tekjur	-236	-22.196	
Laun og launatengd gjöld	62.468	87.392	
Annar kostnaður	4.299	4.388	
Þjónustukjarni Hafnarstræti	66.530	69.584	5%
Tekjur	-955	-25	
Laun og launatengd gjöld	80.044	85.291	
Annar kostnaður	1.056	1.285	
Þjónustukjarni Kjalarsíðu	80.145	86.551	8%
Tekjur	-31	-569	
Laun og launatengd gjöld	12.576	13.676	
Annar kostnaður	60	61	
Búsetuþjónusta Jörvabyggð	12.604	13.168	5%
Tekjur	-208	-1.387	
Laun og launatengd gjöld	114.937	127.188	
Annar kostnaður	6.078	4.740	
Búsetuþjónusta við geðfatlaða / Gránufélagsteymi	120.807	130.541	8%
Tekjur	-20.727	-21.251	
Annar kostnaður	47.957	50.442	
Húsnæðiskostnaður Búsetudeildar	27.230	29.191	7%
NPA Notendastýrð persónuleg aðstoð		13.448	
Heildarkostnaður búsetudeildar	1.386.366	1.448.192	4,5%

2 Starfsemin 2013

Fyrir utan hefðbundna starfsemi búsetudeildar var unnið að ýmsum verkefnum sem nánar er gerð grein fyrir í þessum kafla.

2.1 Þjónustusamningar ñ notendastýrð persónuleg aðstoð

Í desember 2012 samþykkti Akureyrarbær reglur um notendastýrða persónulega aðstoð. Reglurnar byggðu á leiðbeinandi reglum sem gefnar voru út af velferðarráðuneytinu fyrir sveitarfélög að styðjast við. NPA er skammstöfun fyrir notendastýrða persónulega aðstoð. NPA er þjónustuform sem byggir á því að fötluð manneskja fái fjármagn frá sveitarfélagi sínu til þess að sjá um og skipuleggja sína eigin aðstoð. Fyrstu samningarnir sem gerðir voru út frá nýju reglunum voru fjórir vegna fimm einstaklinga og höfðu allir nema einn verið með þjónustusamning áður. Í árslok 2013 hafði verið gerður einn samningur til viðbótar við hina og unnið að tveimur til viðbótar.

2.2 Framkvæmdir

Á árinu voru ýmsar breytingar er snúa að fasteignum sem búsetudeild nýtir í þjónustu sinni sem hafa áhrif á framkvæmd þjónustunnar í nútíð og framtíð.

Haldið áfram að vinna að því að auka einkarétti í búsetu eins búsetustefna Akureyrarbæjar og regluverkið kveða á um. Einu herbergjasambýli Dvergagili var lokað og fluttust íbúar í önnur búsetuúrræði á vegum búsetudeildar. Í framhaldi var húsnæðið selt.

Bygging hófst á sex íbúða þjónustukjarna fyrir ungmenni við Borgargil.

Unnið að endurnýjun á húsnæði fyrir skammtí mavistun í gamla Húsmæðraskólanum við Þórunnarstræti 99 en fyrirhugað er að þangað flytji skammtí mavistun fatlaðs fólks sem er til húsa í Skólastíg og skólavistun fatlaðra barna og ungmenna 10 ñ 20 ára.

2.3 IPA

Á árinu var búsetudeild aðili að tveimur umsóknum um styrk frá Evrópusambandinu. Styrkurinn er veittur öllum ríkjum í aðildar- og viðræðuferli og er almennt kallaður IPA (Instruments of Pre Accession). Hlutverk styrksins er að veita ríkjum fjárhagslegan stuðning þannig að þau séu betur undirbúin við hugsanlega aðild. Í öðru tilvikinu var búsetudeild meðumsækjandi að styrk ásamt Landlæknisembætti, Landsspítala Háskólasjúkrahúsi, Virk starfsendurhæfingu, Hagstofu Íslands og Tryggingastofnun ríkisins en aðalumsækjandi var Háskóli Íslands. Verkefnið fólst í að auka atvinnu og félagslega virkni þeirra sem eru með andleg veikindi. Í maí lá fyrir að þær umsóknir sem búsetudeild var aðili að fengu ekki brautargengi.

2.4 Langtímaáætlun

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar vann búsetudeild, eins og aðrar deildir Akureyrarbæjar, langtímaáætlun til 10 ára. Vinnan fólst í því að afmarka þann laga- og reglugerðarramma sem búsetudeild vinnur eftir, tilgreina hvaða þjónusta deildarinnar er lögbundin og hvaða ekki, auk þess að skilgreina hlutverk, hugmyndafræði og stefnu búsetudeildar. Jafnframt að móta framtíðarsýn búsetudeildar og afmarka fyrirsjáanlegar breytingar og stöðu málaflokksins, helstu magntölur og þróun þeirra til næstu tíu ára. Á grunni þessa var unnin mannvirkjaáætlun og gert kostnaðarmat.

2.4.1 Hugmyndafræði búsetudeildar

Í 10 ára langtímaáætlun Búsetudeildarinnar var tekin ákvörðun um að öll þjónusta búsetudeildar myndi byggja á hugmyndafræði um valdeflingu annars vegar og þjónandi leiðsögn hins vegar. Starf búsetudeildar hefur undanfarna einn til tvo áratugi að hluta til byggst á þessum hugmyndafræðum en þær hafa ekki náð til allra starfseininga. Þekking og reynsla er til staðar hjá deildinni og markmiðið er að byggja á henni og útfæra til allra starfseininga auk þess að leita samvinnu um þróun og innleiðingu þeirra, bæði innan og utan Íslands.

Hvað varðar hugmyndafræðina um valdeflingu þá er búsetudeild þátttakandi í einu verkefni, valdefling og notendasamráð, sem afmarkað er í Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks frá 2012 til 2014. Verkefnið er á vegum velferðarráðuneytisins og auk Akureyrar er Sveitarfélagið Árborg þátttakandi. Verkefnið hófst í haust og mun ljúka í desember á þessu ári.

Markmið verkefnisins á Akureyri er að styrkja valdeflingu og notendasamráð við fólk með geðröskun sem býr í sjálfstæðri búsetu á Akureyri og nær það til 40 íbúa og um 30 starfsmanna. Ólafur Torfson leiðir verkefnið en myndaður hefur verið fjögurra manna vinnuhópur fagfólks og notenda sem mótar hugmyndir að verklagi og leiðum til að innleiða hugmyndafræði valdeflingar í búsetuþjónustu við fólk með geðröskun. Lögð verður áhersla á að innleiða hugmyndafræðina jafnt hjá starfsfólki sem og notendum. Einnig verður kannaður möguleiki á að setja á laggirnar notendasamráð. Markmiðið er að notendur fái meira vald yfir sínu lífi og verði betur í stakk búnir að taka sjálfstæðar ákvarðanir, þekkja rétt sinn og um leið auka lífsgæði sín. Árborg mun aftur leggja áherslu á að móta leiðir til að innleiða valdeflingu og notendasamráð fyrir fólk með skerta vistmuni. Markmiðið er að þegar þessu verkefni verður lokið þá hefjist innleiðing hugmyndafræðinnar um valdeflingu hjá öllum starfsmönnum búsetudeildar.

Hugmyndafræðin um þjónandi leiðsögn (Gentle Teaching) hefur frá árinu 1992 verið hornsteinninn við vinnu í þjónustu við ákveðinn hóp íbúa á Akureyri með góðum árangri. Búsetudeild er nú þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi við þjónustukerfi í nokkrum löndum sem vinna eftir þessari hugmyndafræði. Má þar m.a. nefna Belgíu, Danmörk, Kanada, Bandaríkin og Holland. Í febrúar var haldið málþing hér á Akureyri um hugmyndafræðina. Þar héldu þeir Luc Verbeke, Dieter Windels frá Belgíu og Kristinn Már Torfason, forstöðumaður Þrastalundar, erindi um innleiðingu hugmyndafræðinnar og helstu áherslur. Um 50 manns sóttu málþingið. Í framhaldi af málþinginu hélt alþjóðlegt samstarf deildarinnar áfram og í september fór Kristinn Már Torfason sem fulltrúi búsetudeildar til Kanada og hélt þar erindi á alþjóðarráðstefni samtakanna sem haldin var í Saskatoon og auk þess á fjórum öðrum stöðum og sagði frá reynslu og árangri á Akureyri við að vinna eftir hugmyndafræðinni.

2.5 Markviss

Á árinu tóku starfsmenn í búsetuþjónustu þátt í verkefninu AMarkvissó á vegum Símeypjar, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. AMarkvissó metur fræðsluþörf starfsmanna og í kjölfarið er sett upp fræðslutilboð til að mæta þessari þörf. Á árinu tóku starfsmenn þátt í ýmissi fræðslu sem sett var upp eftir þetta mat og mun þetta verkefni halda áfram næsta ár. Haldin voru námskeið um jákvæð samskipti á vinnustað ñ hópefli, næringu og hollt mataræði, málefni fatlaðs fólks og sjálfstætt líf, þjónustustefnu Akureyrarbæjar, ásamt námskeiði um öldrun og fötlun.

2.6 Starfsdagur

Starfsdagur stjórnenda og fagfólks búsetudeildar var haldinn 1. nóvember 2013 og mættu um 50 manns. Markmið starfsdagsins var að tengja fólk saman og nýta þekkingu hópsins til að þróa starfsemi búsetudeildar. Haldin voru erindi um langtímaáætlun og hugmyndafræði búsetudeildar og að þeim loknum var skipt upp í sex hópa sem fengu mismunandi efni til umfjöllunar. Einn hópurinn fjallaði um langtímaáætlun búsetudeildar, annar um meðferð persónuupplýsinga og þjónustuáætlanir, þriðji um móttöku nýrra starfsmanna, fjórði um þekkingarþörf deildarinnar og hugmyndafræðina, fimmti um skrifstofu búsetudeildar, stoðþjónustu ñ móttöku, rekstur og starfsmannahald, sjötti um öryggismál og tæknilausnir (velferðartækni). Í lokin fóru fram umræður um afrakstur dagsins og í framhaldi af því var honum vísað til áframhaldandi vinnslu hjá búsetudeild.

2.7 Þjónustumiðstöð aldraðra - vinnuhópur

Á árinu skipaði félagsmálaráð ásamt samfélags- og mannréttindaráði vinnuhóp til að fara yfir framtíðarskipan þeirra tómstundatilboða sem Akureyrarbær býður fullorðnum einstaklingum upp á. Hlutverk hans var að fara yfir tómstundatilboðin og gera tillögur að framtíðar fyrirkomulagi. Í vinnuhópnum sátu Oktavía Jóhannesdóttir, frá félagsmálaráði, Regína Helgadóttir, frá samfélags- og mannréttindanefnd, Sigurður Hermannsson, frá félagi eldri borgara á Akureyri og Heimir Kristinsson, frá notendaráði Víðilundar og Bugðusíðu. Hópurinn skilaði af sér samantekt til félagsmálaráðs 9. desember sl. Fyrst og fremst voru skoðaðir kostir og gallar á hverjum stað fyrir sig og var það mat hópsins að góð aðstaða væri á Akureyri til að sinna tómstundar- og félagsstarfi. Þó þyrfti að huga að aðgengismálum bæði að stöðunum og innan dyra. Helstu tillögur voru að lagt var til að skoða nánar hvort samnýta mætti starfsemi þessara þriggja staða m.a. húsnaði og tómstundatilboð. Jafnframt var lagt til að könnun sem gerð var árið 2005 meðal 68 - 85 ára Akureyring um viðhorf þeirra til félags- og tómstundastarfs yrði endurtekin.

2.8 Öryggisgæsla og vistun

Á árinu gerði búsetudeild og Barnaverndarstofa samning um rekstur öryggisgæslu og vistun fyrir fatlaðan einstakling ásamt því að veita fjölbætta þjónustu sem sértækar þarfir viðkomandi krefðust. Samningurinn er gerður á grundvelli 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, 100 gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hlutverk Barnaverndarstofu er að sjá til þess að úrræðið sé fyrir hendi og fullnægjandi fjármagn fáið til reksturs þess úr ríkissjóði. Hlutverk búsetudeildar er að sjá um framkvæmd þjónustunnar eftir því sem nánar er kveðið á um í samninginum.

3 Heimþjónusta

Heimþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald, persónulega umhirðu og nauðsynlegar athafnir daglegs lífs vegna skertrar getu, fjölskyldu-aðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar, fötlunar eða af öðrum ástæðum sem metnar eru gildar samkvæmt þeim reglum sem Félagsmálaráð Akureyrar hefur sett.

Heimþjónusta tekur til eftirfarandi þátta:

- Aðstoð við eigin umsjá.
- Aðstoð við heimilishald.
- Félagslegs stuðnings.
- Aðstoðar við umsjá veikra eða fatlaðra barna.
- Heimsendingar matar.

Markmið heimþjónustu er að veita aðstoð til sjálfshjálpar þegar því verður við komið. Þannig getur í sumum tilvikum verið um tímabundna heimþjónustu að ræða.


Matshópur búsetudeildar fundar vikulega og tekur ákvörðun um þjónustubörf og veitta þjónustu í hverju tilviki fyrir sig.

Félagsleg heimþjónusta hefur aukist jafnt og þétt í takt við þá stefnu að sem flestir geti búið á eigin heimili í stað þess að vistast á stofnun vegna sjúkdóma eða fötlunar. Undanfarin ár hefur fjöldi þeirra sem fá þjónustu verið svipaður en þeim fjölga sem þurfa mikla aðstoð, t.d. daglega eða oft á dag (mynd 3 og 4). Þjónustan skiptist í tvo hluta; almenna heimþjónustu og sérstaka heimþjónustu. Gróf skipting er þannig að almenn heimþjónusta sinnir þeim sem þurfa allt að 10 klst. aðstoð á viku og öllum þeim sem eru eldri en 67 ára. Það er sú þjónusta sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, en sérstök heimþjónusta sér um þjónustu við þá sem þurfa meira en 10 tíma á viku eða ef þeir búa nálægt þeim sem fá mikla þjónustu þannig að hagkvæmni er af því að hafa þjónustuna á sömu hendi. Það er sú þjónusta sem tilgreind er í 5. gr. reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Heimþjónusta er veitt allan sólarhringinn, alla daga ársins, en næturvaktin er samstarfsverkefni heimþjónustu og heimahjúkrunar sem sér um framkvæmd næturbjónustunnar.

Starfstöðvar heimþjónustunnar eru nokkrar, þær stærstu eru að Bugðusíðu 1 og í húsnæði Íþróttahallarinnar við Skólastíg. Í Skólastíg er einnig starfsstöð heimahjúkrunar og er mikið samstarf þar á milli. Stöðugildi 2013 í heimþjónustu voru 40,28 og fjöldi starfsmanna 53.


3.1 Almenn félagsleg heimþjónusta

Á árinu 2013 fengu 585 heimili almenna félagslega heimþjónustu sem er nokkuð svipað og undanfarin ár. Eins og sést á mynd 3 þá er stærsti hópur þeirra sem fær almenna félagslega heimþjónustu aldrafólk. Þess skal þó getið að í þessum tölum reiknast aldrafólk frá 65 ára aldri. Af þeim 461 heimilum aldrafólks sem fengu heimþjónustu voru 292 heimili 80 ára og eldri. Á þeim heimilum bjuggu 439 einstaklingar og jafngildir það að 61,5% 80 ára og eldri á Akureyri hafi haft almenna félagslega heimþjónustu.



Mynd 3 – Fjöldi heimila með almenna félagslega heimaþjónustu 2008-2013


Þegar fjöldi vinnustunda (mynd 4) er borinn saman við fjölda þjónustunotenda (mynd 3) kemur í ljós að vinnustundir á hvern aldraðan eru mun færri en hjá öryrkjum. Í þeim hópi er fatlað fólk sem fær mjög mikla þjónustu og hefur tímafjöldi aukist hlutfallslega mest hjá þeim. Þó hefur hlutfallslega fjölgað aðeins í hópi aldraðra og er hluti af skýringunni að nokkur hópur fatlaðra er kominn á þann aldur að þeir teljast nú til aldraðra.



Mynd 4 – Fjöldi vinnustunda í heimaþjónustu skipt eftir þjónustuhópum 2008-2013

3.1.1 Ráðgjöfin heim

Ráðgjöfin heim er hluti af almennri félagslegri heimaþjónustu og er ætluð fullorðnum fötluðum einstaklingum á eigin heimilum. Markmið þjónustunnar er að veita faglega ráðgjöf og aðstoð til einstaklinga með fötlun af margvíslegum toga til að takast á við ýmis verkefni daglegs lífs. Mikil áhersla er lögð á valdeflingu þ.e. ráðgjafinn veitir stuðning sem miðar að því að notendur fái meira vald yfir lífi sínu og verði betur í stakk búnir að taka sjálfstæðar ákvarðanir, þekkja rétt sinn og um leið auki lífsgæði sín. Á árinu 2013 fengu 33 einstaklingar þjónustu ráðgjafarinnar heim, 24 konur og 9 karlar.




Mynd 5 – Fjöldi sem fengu aðstoð Ráðgjafarinnar heim

Ekki hefur tekist að sinna öllum beiðnum um þjónustu og um áramót voru nokkrir einstaklingar á biðlista. Við ráðgjöfina heim störfuðu á árinu þrír iðjuþjálfar í 1,8 stöðugildum.

3.1.2 Gránufélagsteymi

Er hluti af almennri félagslegri heimaþjónustu og er fyrir einstaklinga með geðfötlun og viðvarandi vímuefnavanda. Þjónustan felst í því að starfsmenn eru til aðstoðar frá kl. 10:00 til kl. 22:00 alla daga vikunnar. Unnið er eftir hugmyndafræði skaðaminnkandi nálgunar en hún felst í því að draga úr heilsufars-, félags- og efnahagslegum afleiðingum vímuefnaneyslu án þess að krefjast bindindis. Íbúarnir þurfa mjög mismunandi þjónustu en reynt er að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur. Á árinu 2013 fengu 26 einstaklingar þjónustu frá Gránufélagsteyminu og hefur fjöldinn aukist ár frá ári. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu hver og einn fær og er misjafnt eftir tímabilum.




Mynd 6 – Fjöldi sem fengu aðstoð Gránufélagsteymis

Starfandi er fagteymi geðlæknis, félagsráðgjafa, þroskajálfa og forstöðumanns sem er iðjuþjálfari. Hlutverk þess er að móta þjónustuna og vera til ráðgjafar um það sem upp kemur í starfseminni. Forstöðumaður búsetuþjónustu fyrir geðfatlaða stýrir þjónustunni þó svo að hún sé hluti af félagslegri heimaþjónustu.

Tölulegar upplýsingar um bæði ráðgjöfina heim og Gránufélagsteymi eru í heildartölum um almenna félagslega heimaþjónustu.

3.1.3 Heildarkostnaður við almenna félagslega heimaþjónustu

Útgjöld til heimaþjónustu hafa hækkað á milli ára en þegar búið er reikna allar tölur á verðlagi




Mynd 7 – Kostnaður við almenna félagslega heimaþjónustu 2003-2013 á verðlagi ársins 2013

Eins og sjá má af mynd 7 hafa útgjöld til heimaþjónustu hækkað þegar miðað er við kostnað á verðlagi 2013. Við framreikning á kostnaði er notuð launavísitala en laun starfsmanna

er stærsti gjaldaliður heimaþjónustu. Ein af ástæðum aukins kostnaðar er að meiri heimaþjónusta er veitt á kvöldin, um helgar og einnig að nóttu en var árið 2003. Heimaþjónusta er að mestu greidd af bænum og hlutur notenda hefur farið minnkandi. Árið 2009 var gerð breyting á greiðsluþátttöku notenda heimaþjónustunnar og nú er eitt gjald fyrir heimaþjónustu. Aðeins er greitt fyrir þrif og aldrei meira en 2 klst. á viku. Raunkostnaður á hverja unna klukkustund árið 2013 var kr. 5.143. Vert er að geta þess að heimaþjónusta er veitt alla daga ársins, jafnt helgidaga sem aðra, og er þessi upphæð því meðaltal heildarkostnaðar við heimaþjónustu og inni í þessari tölu er einnig kostnaður við húsnæði og annar kostnaður sem fellur til við þjónustuna.

3.2 Sérstök heimaþjónusta

Árið 2013 fengu alls 25 einstaklingar sérstaka heimaþjónustu (frekari liðveislu) á Akureyri og einn utan Akureyrar, en Akureyrarbær sér um að veita þá þjónustu. Af þeim voru 22 sem fengu meira en 10 klst. þjónustu á viku.




Mynd 8 – Sérstök heimaþjónusta (>10 tímar á viku) 2008-2013

Eins og sjá má á mynd 8 hefur mikil aukning orðið í sérstökum heimaþjónustu (frekari liðveislu) á undanförunum árum, aðallega eftir 2008. Fjöldinn segir þó ekki alla söguna því samhliða fjölgun notenda hefur þjónustubörf aukist.

Sífelld fleiri sem fatlast seinna á lífsleiðinni kjósa að búa heima þrátt fyrir mikla þjónustubörf í stað þess að flytjast á stofnun. Því eru nokkur heimili þar sem veitt er allt að sólarhringsþjónusta alla daga ársins og í sumum tilfellum er maki á launaskrá eða er með verktakasamning. Er það gert ef það er vilji þjónustubegans og makans og hefur reynist vel. Ef þörf er á þjónustu heimahjúkrunar er hún skipulögð í samvinnu við heimaþjónustu. Aðilar skipta með sér verkum en sum verk starfsmenn heimahjúkrunar og heimaþjónustu saman. Mikil samvinna er við heimahjúkrun í allmörgum tilfellum.


3.3 Heimsendur matur

Heimaþjónustan sér um heimsendingu matar til þeirra sem vegna veikinda eða skertrar færni geta ekki eldað sjálfir. Þjónusta þessi er í boði alla daga ársins. Maturinn er keyptur frá eldhúsi Hlíðar. Bifreiðastöð Oddeyrar sér um útkeyrslu á heimsenda matnum til kaupenda. Alls nýttu 92 heimili sér heimsendan mat á árinu sem er mikil fækkun frá árinu áður sérstaklega meðal aldraðra og voru einungis 66 heimili aldraðir sem fengu heimsendan mata á árinu. Fjöldi öryrkja stóð í stað og fengu 26 heimili heimsendan mat árið 2013. Þrátt fyrir þessa miklu fækkun þá voru fleiri bakkar seldir á síðasta ári en árið á undan eins og sjá má á mynd 9.



Mynd 9 – Heimsendur matur 2003-2013, fjöldi bakka og fjöldi notenda

Kostnaður við heimsendan mat hefur verið nokkuð stöðugur á milli ára og hlutfall á milli kostnaðar bæjarins og neytenda hefur haldist nokkuð jafn frá árinu 2007.




Mynd 10 – Þátttaka bæjarins og neytenda í greiðslum á heimsendum mat

4 Ráðgjöf iðjubjálfa

Búsetudeild í samvinnu við Heilsugæslustöðina á Akureyri býður þjónustu iðjubjálfa. Markmiðið með iðjubjálfun er að efla færni, heilsu og vellíðan einstaklingsins í samræmi við þarfir, getu og langanir hans þannig að hann verði eins sjálfbjarga og mögulegt er við þá iðju sem honum er mikilvæg, sé öruggur í daglegu umhverfi sínu og virkur þátttakandi í samfélaginu. Þörf er á iðjubjálfun þegar einstaklingar ná ekki að sinna daglegri iðju á fullnægjandi hátt. Færni við iðju getur breyst í kjölfar sjúkdóms eða annars áfalls. Fólki getur af þessum sökum átt erfitt með að annast sig og sína, vinna heimilisstörf, stunda atvinnu utan heimilis eða njóta annars sem lífið hefur upp á að bjóða.

Iðjubjálfi veitir ráðgjöf á sviði endurhæfingar, heilsueflingar, vinnuvistfræði og hjálpartækjamála. Hann tekur þátt í mati á heimaþjónustu og annarri þjónustu sem sótt er um til deildarinnar og veitir einnig fræðslu til stofnana og samstarfsfólks. Náin samvinna er við heimaþjónustu og heimahjúkrun og aðra sem koma að málefnum þeirra sem njóta þjónustunnar. Iðjubjálfi fer á heimili fólks og metur færni þess með tilliti til athafna daglegs lífs, metur þörf á hjálpartækjum, kennir á þau, veitir ráðgjöf, sinnir eftirfylgd og fleira. Markmiðið er að notendur geti betur tekist á við daglegt líf sem er þeim og samfélaginu mikilvægt. Notendahópurinn er á öllum aldri og veitt er ráðgjöf inn á heimili, á vinnustaði og í skóla.

Iðjubjálfi hefur á árinu 2013 komið að ráðgjöf varðandi uppbyggingu og breytingar á skammtíamavistun/skólavistun, veitt ráðgjöf varðandi breytingar á íbúðum og öðru sem lýtur að aðgengi og fleira. Á síðustu árum hafa iðjubjálfanemar frá Háskólanum á Akureyri verið í vettvangsnámi. Það er liður í námi iðjubjálfanemans en þetta er einnig mikilvægur þáttur í að viðhalda og þróa fagkunnáttu á deildinni.



Mynd 11 – Fjöldi beiðna um ráðgjöf iðjubjálfa 2003-2013

Árið 2013 fengu 138 einstaklingar ráðgjöf sem er nokkuð svipað og árið á undan (mynd 11). Meðalaldurinn var 72 ár og aldursbilið frá sjö ára upp í 92 ára.


5 Heilsueflandi heimsóknir til aldraðs fólks

Akureyrarbær í samvinnu við Heilsugæslustöð Akureyrar hefur boðið upp á heilsueflandi heimsóknir til aldraðra 75 ára og eldri frá árinu 2000 í umdæmissvæði Heilsugæslunnar. Þeir íbúar 75 ára og eldri sem búa heima og njóta ekki heimahjúkrunar, heimahlynningar og/eða dagþjónustu er boðið upp á heimsókn heilbrigðisstarfsmanns einu sinni á ári. Auk heimsóknanna hafa starfsmenn símatíma alla virka daga. Tilgangur þjónustunnar er:

- Að hvetja og styrkja einstaklinga til að viðhalda heilbrigði, færni og sjálfstæði sem lengst.
- Að stuðla að öryggiskennd og vellíðan á eigin heimili eins lengi og mögulegt er.
- Að veita upplýsingar um félagsstarf og þjónustu sem í boði er.
- Að veita ráðgjöf og meta í samráði við íbúa hvernig gengur að takast á við daglegt líf miðað við aðstæður hvers og eins.

Í heimsóknunum er m.a. rætt um heilsufar og heilbrigði, vellíðan, öryggi, lífsgæði og hugmyndir um framtíðina, búsetu, samvistir við aðra, tómstundir o.fl. Þjónustan myndar samskiptaleið frá notandanum til þjónustukerfis bæjarins. Boðið er upp á að hafa einn ákveðinn tengilið sem hægt er að hafa samband við hvenær sem er eftir fyrstu heimsókn.

Frá upphafi hefur þessu þjónustutilboði verið afar vel tekið og á árinu 2013 þáðu 76% heimsókn af þeim sem fengu boð um heimsókn. Um 9% af þeim sem áttu að fá heimsókn fengu ekki heimsókn þar sem þeir höfðu byrjað í heimahjúkrun, farið í dagvist, flutt inn á öldrunarheimili eða látist áður en þeim var boðin heimsókn. Árið 2013 var öllum þeim sem áttu að fá heilsueflandi heimsókn boðin ein heimsókn. Ekki var hægt að koma því við að bjóða upp á aðra heimsókn líkt og miðað var við í upphafi þjónustunnar. Stöðugildi í heilsueflandi heimsóknum var árið 1,3.




Mynd 12 – Heilsueflandi heimsóknir 2008-2013

6 Félags- og þjónustumiðstöðvar aldraðra


Félags- og þjónustumiðstöðvar aldraðra eru tvær, í Víðilundi 22 og Bugðusíðu 1. Félagsmiðstöðvarnar eru fyrir 60 ára og eldri. Starfsemin er afar fjölbreytt og í stöðugri mótnun í samvinnu við notendaráð. Í notendaráði sitja 10 kjörnir fulltrúar þeirra sem sækja starfið og er hlutverk þess að taka við ábendingum og gera tillögur um starfsemina. Einnig hefur ráðið veg og vanda að ýmsum uppákomum í samvinnu við forstöðumann félagsmiðstöðvanna.

Starfsemin á árinu 2013 var með nokkuð hefðbundin sniði en á báðum stöðum er fjölbreytt úrval afþreyinga. Boðið er upp á námskeið í margvíslegu handverki sem stendur yfir nokkrar vikur í senn, einnig geta gestir nýtt sér aðstöðuna til að vinna í handverki og eru starfsmenn á staðnum sem geta leiðbeint. Notendur sjálfir sjá einnig um að leiðbeina t.d. í postulínsmálun og í útskurði. Fyrir utan handverk þá er spiluð félagsvist og bridge á báðum stöðum, haldið bingó, seldar veitingar, leikfimi, dans og annað. Í Bugðusíðu er samvinna við Félag eldri borgara á Akureyri og sjá þeir t.d. um spilamennsku, halda fræðslufundi og eru einnig með kynningar.

Ekki er til skrá yfir þá sem mæta í starfið en dagleg talning á því hversu margir mæta á viðburði. Flestir sem mæta í starfið fá sé kaffi fyrir eða eftir hádegi og sumir bæði fyrir og eftir hádegi. Því gefur sú talning nokkra mynd af því hversu margir koma í húsin þó svo ekki sé um nákvæma talningu að ræða. En miðað við að starfsemi sé í 200 daga á ári en lokað er yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst og yfir stórhátíðir þá má gera ráð fyrir að gestafjöldi á árinu 2013 hafi verið um 40 í Víðilundi og fjöldinn í Bugðusíðu eitthvað svipaður.




Mynd 14 - Morgunkaffi




Mynd 13 - Síðdegiskaffi

Þó skal áréttað að til viðbótar eru að jafnaði sextán dagþjónustugestir á hverjum degi í Víðilundi sem ekki eru inni í þessum tölum. Á myndum 13-16 má sjá hvernig þróun hefur orðið í komum á hina ýmsu viðburði í Víðilundi og Bugðusíðu. Talningu fyrir paravist í Víðilundi vantar á 2013.




Mynd 16 – Bugðusíða, fjöldi koma í viðburði



Mynd 15 – Víðilundur, fjöldi koma í viðburði

6.1 Hádegismatur

Í mörg ár hefur verið boðið upp á heitan mat í hádeginu í Víðilundi alla virka daga. Maturinn er keyptur af eldhúsinu í Hlíð.




Mynd 17 - Hádegismatur

Dregið hefur úr sölu á matarbökkum undanfarin þrjú ár en þegar mest var selt af mat árið 2010 voru það um 3.700 bakkar en fóru niður fyrir 1.500 á síðasta ári.

Á fimmtudögum hefur verið hægt að kaup mat í hádeginu í Bugðusíðu frá árinu 2009. Fyrst var boðið upp á súpu og brauð en frá árinu 2011 hefur verið boðið upp á heitan mat og má sjá aukningu milli ára eins og mynd 17 sýnir. Frá september sl. hefur maturinn verið keyptur af Lostæti og seldur á kostnaðarverði.


6.2 Dagþjónustan

Dagþjónustan er mikilvægt stuðningsúrræði fyrir þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Dagþjónustan er á verksviði ríkisins og rekin af Akureyrarbæ með daggjöldum frá ríkinu. Boðið er upp á flutningsþjónustu frá og að heimili notandans, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Þjónustuna nýttu alls 64 einstaklingar á árinu, 50 konur og 14 karlar, en pláss er fyrir 16 gesti á hverjum tíma.



Mynd 18 – Dagþjónustugestir á ári, 2008-2013

Eins og sjá má á mynd 18 fjölgaði gestum dagþjónustu á síðasta ári en á móti fækkaði komum á hvern og einn gest þar sem einungis er pláss fyrir sextán á hverjum tíma.




Mynd 19 – Dagþjónusta 2008-2013

6.2.1 Innra starf

Á hverjum degi er mikil starfsemi í dagþjónustunni, gestir geta fengið aðstoð við bað, stólaleikfimi er alla daga og fastir liðir eru vikulega s.s. söngur, lestur ásamt því að gestir geta sótt viðburði í félagsstarfinu. Einnig var farið í ferðir um bæinn og notið þess sem hann hefur upp á að bjóða. Í tíu ár hefur verið samvinna milli dagþjónustunnar í Víðilundi og leikskólans Lundarsels. Nokkrum sinnum á ári hafa leikskólabörn og dagþjónustugestir hist og notið samveru hvert við annað.


7 Félagsleg liðveisla

Félagsleg liðveisla er ætluð þeim sem þurfa félagslegan stuðning með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun þeirra og styrkja viðkomandi einstaklinga í félagslegum samskiptum. Markmið er að auka færni einstaklinga til að njóta menningar og félagslífs. Þjónustu í formi félagslegrar liðveislu fengu 127 einstaklingar um lengri eða skemmri tíma, 36 konur yfir 18 ára og 36 karlar yfir 18 ára fengu liðveislu á árinu, 19 stúlkur undir 18 ára og 36 drengir undir 18 ára aldri. Er þetta örlítill aukning frá árinu áður eða um 1,6%.



Mynd 20 - Fjöldi með félagsleg liðveisla 2013, skipt eftir kynjum.

Flestir einstaklingar fá úthlutað 10 tímum á mánuði. Einstaklingar sem einnig eru með frekari liðveislu (Heimþjónustu B) fengu yfirleitt úthlutað 8 tímum á mánuði. 10 einstaklingar fengu úthlutað fleiri tímum en 10 á mánuði þar sem talin var þörf á aukinni þjónustu fyrir viðkomandi aðila. Algengast er að einn starfsmaður annist félagslega liðveislu við hvern einstakling. Á árinu voru fjórar hópliðveislur þar sem einn liðveitandi var með tvo liðþega. Á árinu 2013 var haldið áfram með hópliðveislu fyrir einstaklinga á starfsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri (VMA) sem hófst 2012. Þar er 7 stráka kjarni sem hittist reglulega. Byrjað var með nýjan hóp af starfsbrautinni í VMA í október. Hópliðveisla er einnig veitt á sundæfingum hjá sundfélaginu Óðni með sérstökum samningi við sundfélagið. Starfsmenn í félagslegri liðveislu voru tæplega 90 og allir ráðnir í tímavinnu.




Mynd 21 – Útgjöld til félagslegrar liðveislu 2003-2013

Heildartímafjöldi á árinu 2013 var 9699 tímar, þar með talið þjónusta sem seld var öðrum sveitarfélögum eða um 172 fjöldi tíma.

8 Búsetupjónusta fyrir fatlað fólk

Sértæk búsetupjónusta fyrir fatlað fólk tók nokkrum breytingum á árinu 2013, eitt herbergjasambýli var lagt niður og hafinn var undirbúningur að byggingu nýs þjónustukjarna en þar verða sex íbúðir ásamt sameiginlegu rými. Á síðasta ári voru 73 einstaklingar sem nutu sértækrar búsetupjónustu. Þar af bjuggu sjö í áfangaheimili sem er tímabundin búseta fyrir fólk sem hefur átt við geðraskanir að stríða. Að auki voru 19 einstaklingar sem fengu meira en 10 klst. heimaþjónustu á viku.

Samkvæmt *Stefnu Akureyrarbæjar í búsetumálum fólks með fötlun* hefur á undanförunum 10 árum verið unnið að lokun herbergjasambýla. Stefnan sem samþykkt var í bæjarráði 2003 hafði það að markmiði að fyrir árslok 2013 væri hægt að bjóða öllum í búsetu upp á sér íbúðir. Ekki hefur tekist að halda tímaáætlun stefnunnar en um síðustu áramót voru enn eftir þrjú herbergjasambýli á vegum Akureyrarbæjar þar sem 16 einstaklingar búa. Samkvæmt reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010 skal allt húsnæði fyrir fatlað fólk sem tekið er í notkun eftir 1. janúar 2011 uppfylla opinber viðmið um stærð íbúða. Jafnframt kemur fram í reglugerðinni að lögð skuli niður í áföngum búseta sem ekki uppfyllir framangreind skilyrði. Í langtímaáætlun búsetudeildar var gerð tillaga um hvernig hægt væri að ná þessum áfanga, ásamt kostnaði við það.



Mynd 22 – Samsetning búsetupjónustu fyrir fatlað fólk 2003-2013

8.1 Sambýli og þjónustukjarnar

Í þjónustukjörnum og sambýlum fær fatlað fólk aðstoð við að halda heimili og taka virkan þátt í samfélaginu eftir getu og óskum hvers og eins. Taflan hér að neðan sýnir þróunina sem orðið hefur á sambýlum og þjónustukjörnum þar sem er sólarhringsþjónusta. Stöðugildin og íbúafjöldin er miðaður við 31. desember ár hvert.

Stefnt er að því að loka þeim herbergjasambýlum sem eftir eru eða breyta húsnæðinu þannig að það uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til búsetu fólks um einkarými. Á síðasta ári var herbergjasambýlinu í Dvergagili lokað.

Í töflu 3 að sést hvaða þjónustukjarnar og sambýli hafa verið starfræktir frá árinu 2010, hvað margir búa á hverjum stað og fjöldi stöðugilda. Eitt sambýlið, við Glerá, er húsnæði sem ættingjar fjögurra fatlaðra einstaklinga tóku að leigu og veitir búsetudeild íbúum þjónustu.

Tafla 3 – Sambýli og þjónustukjarnar

	Tegund búsetu	2010		2011		2012		2013	
		Íbúar	Stöðu-gildi	Íbúar	Stöðu-gildi	Íbúar	Stöðu-gildi	Íbúar	Stöðu-gildi
Þórunnarstræti	Herbergjasambýli	4	3,7						
Dvergagil	Herbergjasambýli	4	7,8						
Ægisgata	Herbergjasambýli	3	4,6	4	4,4				
Ægisgata	Sérbyli	1	5,5	1	4,6				
Brálundur	Herbergjasambýli	2	8,1	2	8,2				
Klettatún	Þjónustukjarni	7	9	7	9	7	8	7	9,2
Geislatún	Íbúðasambýli	5	9	5	9,9	4	9,9	5	9,9
Hafnarstræti	Herbergjasambýli	5	10	5	9,1	4	9,1	5	9,1
Jörvabyggð	Herbergjasambýli	5	2,2	5	1,7	5	2	5	2
Prastarlundur	Þjónustukjarni	5	11	5	11	7	16	7	15,6
Snægil	Herbergjasambýli	6	9,1	6	10	6	9,4	6	9,0
Dvergagil	Herbergjasambýli	4	5,9	4	6,5	4	6,5		
Kjalarsíða	Þjónustukjarni			7	9,1	7	9,7	7	10,4
Hafnarstræti	Þjónustukjarni					4	10	9	16,6
Hamratún	Áfangaheimili	5	4,1	5	4,1	6	4,1	7	4,1
Vallartún	Þjónustukjarni			5	8,6	5	8,6	5	8,6
Skútugil	Þjónustukjarni	5	4,1	5	4,1	5	4,1	6	4,1
Búsetuþjón. við Glerá	Herbergjasambýli					4	3,9	4	3,7
Samtals		61	94,1	66	100,3	68	101,3	73	102,3

Til viðbótar við þá þjónustukjarna sem hér eru nefndir eru nokkrir kjarnar, það er að segja nokkrar íbúðir í nálægð við hver aðra þar sem þjónusta er veitt til fatlaðra einstaklinga, sem ekki eru talin með í töflunni. Ekki er skipulögð vakt þar allan sólarhringinn þjónusta sem þangað er veitt telst til almennra eða sérstakrar heimaþjónustu.


8.1.1 Áfangaheimili

Í Hamratúni er áfangaheimili fyrir geðfatlað fólk, fimm íbúðir til búsetu og ein íbúð er til sameignlegrar notkunar. Sjö einstaklingar bjuggu þar árið 2013. Búseta þar er tímabundin og setja íbúar sér markmið með dvölinni í samstarfi við starfsfólk.

Mikið og gott samstarf hefur verið við geðdeild sjúkrahússins á Akureyri og með tilkomu þessara auknu þjónustu var það eftt enn frekar. Sami starfsmannahópur sinnir þjónustukjörnunum og áfangaheimilinu.

8.2 Biðlistar eftir búsetuþjónustu

Á biðlista eftir búsetu voru 12 einstaklingar í árslok 2013.




Mynd 23 – Virkur biðlisti eftir búsetu með þjónustu

Á virkum biðlista eftir sértæku búsetuúrræði um síðustu áramót voru þrettán einstaklingar. En þá eru ekki taldir þrír einstaklingar sem ekki óska eftir búsetu nú þegar og tveir einstaklingar sem eru í þjónustu annarsstaðar en óska eftir flutningi. Af þeim tólf sem eru á virkum biðlista eru fimm sem hafa fengið úthlutað í nýjum íbúðum sem verða afhentar í árslok 2014. Á mynd 23 má sjá hvernig umsóknir skiptast eftir búsetuúrræði sem sótt er um. Ekki þurfa allir sérútbúið húsnæði og oft snýst umsókn um búsetu fyrst og fremst að þjónustu. Það er þó ljóst að nokkur hópur umsækjenda mun þurfa sérútbúið húsnæði, til þess að geta flust úr foreldrahúsum. Á árinu var unnið að breyttu verklagi varðandi úthlutun leiguíbúða og frá næsta ári verður sótt um allt húsnæði til húsnæðisdeildar hvort heldur um sérútbúið húsnæði er að ræða eða ekki. Á umsókninni skal þá taka fram hvort þörf er á sértæku húsnæði og þjónustu og verður tekið tillit til þess við úthlutun.


9 Skammtíma- og skólavistun

Skammtíma- og skólavistun fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðið fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Flestir nýta sér helgarþjónustu en aðrir dvelja allt að viku í senn. Boðið er upp á neyðarvistun ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldunni. Skammtíma- og skólavistun þjónustaði alls 20 einstaklinga á árinu, 9 voru yngri en 18 ára en 11 fullorðnir.



Mynd 24 – Skammtíma- og skólavistun 2000-2013

Undanfarin ár hefur notendum haldur fækkað en þeir eru meira fatlaðir og þurfa þar af leiðandi mikla þjónustu. 1. mars 2014 mun skammtíma- og skólavistun í Árholti flytji í Gamla húsmæðraskólann við Þórunnarstræti. Vistunarsólarhringar skammtíma- og skólavistunar 2013 voru alls 2001, þar af 80 neyðarvistunarsólarhringar.



Mynd 25 – Skammtíma- og skólavistun fyrir fatlaða, fjöldi dvalarsólarhringa 2000-2013

Húsnæði skammtímavistunar við Skólastíg 5 er á þremur hæðum og hentar ekki nægilega vel fyrir starfseminna, bæði vegna aðgengis- og öryggismála. Gamli húsmæðraskólinn við Þórunnarstræti var keyptur og hafinn undirbúningur að breytingum. Stefnt er að því að skammtímavistun og skólavistun fyrir 10-20 ára börn og ungmenni flytji þangað í febrúar 2014.

Í skammtímavistun er lögð áhersla á að:

- skapa aðstæður sem gefa fötluðum gestum kost á að kynnast og umgangast aðra gesti í gegnum leik og starf.
- gestirnir séu þátttakendur í öllum störfum svo sem mögulegt er.
- þjálfun fléttist inn í leik og dagleg störf og sé sem ósýnilegust.
- hver og einn gestur fái notið sín á eigin forsendum.
- upplýfting og skemmtun sé við hæfi hvers og eins.

Lögð er áhersla á fjölbreytni og skemmtun. Þjónustan er skipulögð út frá því að mæta gestum á einstaklingsgrundvelli og nýta þeirra styrkleika. Horft er á mikilvægi þess að viðhalda og auka þá færni sem er til staðar í gegn um leik. Lögð er áhersla á útivist, hreyfingu og skapandi starf eins og hægt er fyrir hvern og einn.

9.1 Árholt

Frá og með hausti 2003 hefur verið skólavistun í Árholti fyrir börn á aldrinum 10-16 ára sem eru með skilgreinda fötlun og ekki geta nýtt sér önnur úrræði. Starfsemin er með svipuðu sniði og í öðrum skólavistunum, þ.e. nemendur sinna heimanámi, í boði eru ýmis tómtundatilboð, frjáls leikur, útivera og vettvangsferðir. Opnunartími er kl. 13:00 ñ 17:00.

Á sumrin er rekin sumardagvistun í Árholti fyrir sama markhóp en þá er aldursbilið 6 ñ 16 ára og opnunartími frá kl. 8:00 ñ 16:00.



Mynd 26 – Árholt

Hlutverk/markmið þjónustunnar í Árholti:

- Lögð er áhersla á að Árholt sé nemendum fastur punktur í tilverunni, þar sem gott er að koma og dvelja við skapandi störf og leiki að skóladegi loknum. Hlúð er að grunnþörfum barnanna með virkri þátttöku þeirra. Með virkri þátttöku er átt við að ýtt er undir sjálfsbjargargetu barnanna í athöfnum daglegs lífs.
- Veita börnunum einstaklingsmiðaða þjónustu.
- Skapa börnunum skilyrði til að efla félagsfærni sína.
- Vera í virku samstarfi við skóla og heimili.

16 börn nýttu sér þjónustu Árhólts árið 2013 samtals 2019 þjónustudaga.